



Minnisblað

Viðtakandi: Tilnefndir aðilar í tímabundinn starfshóp

Sendandi: Stefán Guðmundsson, ráðuneytisstjóri umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis

Dagsetning: 13.09.2023

Málsnúmer: UMH23070073

Bréfalykill: < ___ >

Efni: Samantekt verkefnisáætlunar um uppfærslu aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum 2023

Lagt fram til kynningar

Um uppfærslu aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram sjálfstætt landsmarkmið um 55% samdrátt í samfélagslosun gróðurhúsalofttegunda á beinni ábyrgð Íslands fyrir árið 2030 miðað við 2005 og að leggja skuli grunn að kolefnishlutleysi árið 2040. Jafnframt segir að stjórnvöld muni í samráði við sveitarfélög og atvinnulífið setja áfangaskipt losunarmarkmið fyrir hvern geira.

Uppfærsla á aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum (AÁL) er hafin til samræmis við markmið ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Stefnt er að birtingu fyrir lok árs 2023 og í fyrirbyggjandi verkefnisáætlun er gert ráð fyrir mikilli aðkomu flestra ráðuneyta og vinnu í afmörkuðum sprettum. Sérstök áhersla verður á aðgerðir til að uppfylla skuldbindingar gagnvart ESB um samdrátt í losun sem telst á beinni ábyrgð Íslands. Áætlunin mun byggja á gildandi aðgerðaáætlun sem kom út 2020 en til viðbótar verða teknar inn áherslur og aðgerðir sem leiða af atvinnugreinasamtali ráðuneytisins við Samtök atvinnulífsins, samtök í landbúnaði, Landssamtök líffeyrissjóða og sveitarfélögin. Þá verða styrktar aðgerðir í áætluninni sem varða sérstaklega líffræðilega fjölbreytni, hringrásarhagkerfið, orkuskipti og réttlát umskipti. Í uppfærslunni verður tekið tillit til breytinga á löggjöf vegna innleiðingar regluverks ESB um *Fær í 55%*.

Umhverfisstjórnverja skal skv. lögum um 70/2012 um loftslagsmál láta gera aðgerðaáætlun í loftslagsmálum þar sem setja skal fram aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu hér á landi. Í aðgerðaáætluninni skal koma fram mat á áætluðum kostnaði ásamt mati á loftslagsávinningi af framkvæmd aðgerðanna sem þar eru lagðar til. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum er meginstjórnæki til að uppfylla skuldbindingar og markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og liggur eignarhald og ábyrgð skilgreindra aðgerða þvert á ráðuneyti. Aðgerðaáætlunin leggur einnig grunn að kolefnishlutleysi árið 2040.

Uppfærð áætlun mun standa saman af:

- uppfærslu þeirra aðgerða sem eru í núgildandi aðgerðaáætlun,
- aðgerðum sem leiða af atvinnugreinasamtali ráðuneytisins,
- aðgerðum sem varða stefnumótandi gögn og áætlanir á vegum stjórnvalda.



- d) aðgerðum sem miða að stefnumótandi ákvörðunum annarra málaflokka (s.s. líffræðilegrar fjölbreytni, hringrásarhagkerfisins, orkuskipta og réttláttra umskipta),
- e) aðgerðum sem sækja innblástur til aðgerðaráætlana nágrannaríkja um samdrátt í losun.

Verkefnishópur og hlutverk

Verkefnastjórn um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum skal skv. lögum móta tillögur að aðgerðum og hefur umsjón með að þeim sé hrundið í framkvæmd en á vormánuðum var unnið með nýtt fyrirkomulag, þar sem unnið var í aðgerðahópum tengdum ákv. málefnasviðum/losunarflokkum þvert á ráðuneyti með skýra tengingu í verkefnastjórn aðgerðaáætlunar. Sú nálgun reyndist vel því nú þegar markmið um samdrátt hafa verið hert og ber í byggð að mörgu leiti þegar verið týnd, **verður þörf á meiri samvinnu milli ráðuneyta og þéttari tengingu loftslagsverkefna við aðrar áætlanir.**

Nauðsynlegt er að verkefni sem eiga að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda verði hluti af samræmdri stefnumörkun innan málefnasviða allra ráðuneyta. Því er lagt til að áfram verði unnið í ofangreindum tímabundnum aðgerðahópum tengdum málefnasviðum/losunarflokkum þvert á ráðuneyti og þeir hópar fái skýr markmið og leiðbeiningu í áframhaldandi vinnu. Yfir hverjum slíkum aðgerðahóp verði hópstjóri. Sjá nánar mynd og umfjöllun fyrir neðan.

Gert er ráð fyrir að ný áætlun verði stafræn og að auðvelt verði að bæta við aðgerðum og uppfæra.



Mynd 1 Vinnulag og hlutverk við uppfærslu aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum.

1. Ráðherranefnd um loftslagsmál

Hlutverk ráðherranefndar um loftslagsmál er að efla samráð og samhæfingu meðal þeirra ráðuneyta sem vinna að framgangi loftslagsmála innan Stjórnarráðsins. Nefndinni er einnig ætlað að vera vettvangur fyrir pólítiska stefnumótun og umræður um aðgerðir á sviði loftslagsmála.

Nefndinni er jafnframt ætlað að koma að:

- Uppfærslu og framkvæmd aðgerðaáætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum.
- Fjalla um umræður á alþjóðavettvangi um nýjar skuldbindingar og stefnu Íslands varðandi kolefnishlutleysi.



Ráðherranefnd um loftslagsmál skal funda í hverjum mánuði þar til uppfærð áætlun kemur út.

Formaður verkefnisstjórnar og ritstjóri aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum sitja fundi ráðherranefndar í loftslagsmálum þegar aðgerðaáætlun er til umræðu.

2. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

Samkvæmt lögum um loftslagsmál nr. 70/2012, sér umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um framkvæmd þeirra laga. Ráðherra ber þar með ábyrgð á gerð aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum og áætlunar um aðlögun og lætur reglulega vinna skýrslu um áhrif loftslagsbreytinga.

3. Samstarfsnefnd ráðuneytisstjóra

Hlutverk samstarfsnefndar er að stuðla að yfirsýn, samráði og samþættingu innan Stjórnarráðsins og stofnana ríkisins um helstu verkefni sem snerta loftslagsmál. Nefndinni er m.a. ætlað að:

- Fylgja eftir markmiðum stjórnvalda og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands í loftslagsmálum.
- Auka samráð og samþættingu innan Stjórnarráðsins á sviði loftslagsmála.
- Tryggja sem besta eftirfylgni helstu stefna/áætlana og ákvarðana stjórnvalda á sviði loftslagsmála.
- Stuðla að samhæfingu á starfi stofnana ríkisins á sviði loftslagsmála.
- Stuðla að samþættingu stefnumarkandi áætlana stjórnvalda hvað varðar markmið í loftslagsmálum.
- Miðla upplýsingum og samhæfa skilaboð varðandi verkefni sem unnið er að á vegum stjórnvalda á sviði loftslagsmála á innlendum og erlendum vettvangi.

Samstarfsnefnd ráðuneytisstjóra skal funda í hverjum mánuði þar til uppfærð áætlun kemur út en þar eiga allir ráðuneytisstjórar sæti.

Formaður verkefnisstjórnar og ritstjóri aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum sitja fundi samráðsnefndar ráðuneytisstjóra í loftslagsmálum þegar aðgerðaáætlun er til umræðu.

4. Ritnefnd

Ritnefnd er á ábyrgð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis (URN). Settur hefur verið saman sérstakur verkefnahópur verkefnisins í þessum áfanga sem snýst um uppfærslu aðgerðaáætlunar.

- URN: Ragnheiður Björk Halldórsdóttir - ritstjóri
- URN: Steinar Ingi Kolbeins - aðstoðarmaður ráðherra
- URN: Vanda Úlfrún Liv Hellsing - fulltrúi úr loftslagsteymi
- URN: Magnús Örn Agnesar Sigurðsson - fulltrúi úr loftslagsteymi
- URN: Anna Sigríður Einarsdóttir - upplýsingafulltrúi v. útgáfu og kynningarmála.
- URN: Steinar Örn Steinarsson - fulltrúi úr orkuteymi



- URN: Kjartan Ingvarsson - fulltrúi úr hringrásarteymi
- URN: Sigríður Svana Helgadóttir / Sigurður Ármann NMT - sérfræðingur um líffræðileg fjölbreytni
- Umhverfisstofnun (UST): fulltrúar tileinkaðir í verkefnið
- Orkustofnun (OS): fulltrúi tileinkaður í verkefnið

Ritstjóri hefur umsjón með útgáfu nýrrar aðgerðaáætlunar sem kemur út í lok árs 2023 en vinnur í þétu samstarfi við loftslagsteymi URN.

Ritstjórn skal funda tvisvar í hverjum mánuði þar til uppfærð áætlun kemur út.

5. Verkefnisstjórn aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum

Samkvæmt lögum um loftslagsmál skipar ráðherra verkefnisstjórn sem mótar tillögur að aðgerðum og hefur umsjón með að þeim sé hrundið í framkvæmd.

Ráðherra skipar formann verkefnisstjórnar án tilnefningar. Eftirfarandi aðilar tilnefna einn fulltrúa hver:

- ráðherra sem fer með mál er varða almennar fjárreiður ríkisins og fjármál,
- ráðherra sem fer með mál er varða iðnað,
- ráðherra sem fer með mál er varða fræðslu og vísindi,
- ráðherra sem fer með mál er varða samgöngur,
- ráðherra sem fer með mál er varða sjávarútveg og landbúnað
- ráðherra sem fer með mál er varða ferðamannaíðnað og viðskipti og
- Samband íslenskra sveitarfélaga.

Verkefnisstjórn um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum var skipuð 15. apríl 2021. Skipað verður að nýju í verkefnisstjórn eftir að uppfærð áætlun hefur verið gefin út. Verkefnisstjórn fundar að lágmarki einu í hverjum mánuði þar til uppfærð áætlun kemur út.

6. Starfshópur vegna aðgerðahópa um uppfærslu aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum - NÝJUNG

Starfshóp skipa annars vegar hópstjórar þeirra aðgerðahópa sem skilgreindir eru fyrir uppfærslu AÁL (lóðréttar súlur á Mynd 2 að neðan), og hins vegar fulltrúar nokkurra stofnana. Þá fer Halla Sigrún Sigurðardóttir, skrifstofustjóri stefnumótunar og innleiðingar hjá URN, með formennsku í þessum tímabundna starfshóp. Starfshópurinn mun vinna náið með ritnefnd URN og sérfræðingum stjórnarráðsins um tiltekna málaflokka í aðgerðaráætlun.

Hlutverk starfshópsins er að rýna aðgerðir aðgerðaráætlunar og leggja til og móta nýjar aðgerðir til samdráttar í losunar í hverjum flokki. Í hverjum aðgerðarhópi sitji sérfræðingar frá viðeigandi ráðuneyti.



Til að tryggja að öll sú vinna sem fer fram víða í stjórnkerfinu og atvinnulífinu og tengist aðgerðaráætlun beint, eru aðgerðarhóparnir þannig samansettir að allir þræðir liggja að og í gegnum þeirra vinnu. Dæmi um upplýsingar úr vinnu sem þarf að flæða fram og tilbaka eða skilgreina betur tengingu við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum:

- Loftslagsaðgerðum í landbúnaði (sem unnið er að á nýrri skrifstofu sjálfbærnimála í matvælaráðuneyti)
- Vegvísun að vistvænni mannvirkjagerð
- Grænbók um vistvænar samgöngur á vegum innviðaráðuneytisins.
- Loftslagsvegvísar atvinnulífsins

Aðgerðarhópar um hvern málaflokk funda eftir þörfum og hvers og eins hóps. Hópstjóri (sem situr einnig í starfshóp um uppfærslu AÁL) skipuleggur og heldur utan um starf og niðurstöður hópsins og miðlar til ritstjórnar, sem síðan miðlar aðgerðum til verkefnastjórnar aðgerðaáætlunar.



Mynd 2 Samsetning tímabundið skipaðs starfshóps (hópstjórar og fulltrúar viðeigandi stöfnana) og málaflokkstengdra aðgerðarhópa

Minnisblaðið er lagt fram til upplýsinga.